

Frumvarp til fjáráukalaga

fyrir árin 1914 og 1915.

(Lagt fyrir Alþingi 1915).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 veitast kr. 84,587,57 til gjalda þeirra, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast kr. 729,16. Við A. 1. a. Til þess að gegna embætti yfirdómara Jóns Jenssonar kr. 729,16.

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (Læknaskipun) veitast kr. 22,084,71.

Við 11. Tillag til heilsuhælisins á Vífilsstöðum	kr. 20,000,00
— 12. Til aðgerðar á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík	— 1,400,00
Til Ljósstofnunar Finsens í Khöfn fyrir lækningu á islenskum dreng ..	— 684,71
	<hr/>
	Kr. 22,084,71

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (Samgöngumál) veitast kr. 47,711,83.

Við B. II. Til að byggja stöpul undir brú yfir Rauðalæk ² / ₃ hlutar kostnaðar	kr. 449,56
— - III. Til að byggja járnbenda steinsteypubrá yfir Langá í Mýrasýslu gegn ¹ / ₃ frá hlutaðeigandi hjeraði, alt að ..	— 3,000,00
— - XIII. Til akvegjar frá Kláffossbrú að Reykholti ¹ / ₃ kostnaðar, alt að	— 1,000,00
— - D. Til ýmsra endurbóta	— 26,162,27
— - E. Til Grimseyjarvita	— 17,100,00
	<hr/>
	Kr. 47,711,83

anlega fjárveitingu, vegna þess að efnahagur sinn sje eigi svo vaxinn, að hann geti greitt þau sjálfur.

Um leið og stjórnin veitti hið umbeðna leyfi tók hún það fram, að hún sæi sjer ekki fært að lofa neinu fje til launa hinum setta yfirdómara, en hún væri fús að leita á sínum tíma aukafjárveitingar í þessu skyni.

Með því að stjórnin telur það mjög sanngjarnt, enda fordæmi um það frá Kennaraskólanum, að hið opinbera hlaupi undir bagga með embættismönnum, þegar svo stendur á eins og hjer, og með því launakjör þessa manns og efnahagur gera honum mjög örðugt eða jafnvel ókleift að greiða úr eigin vasa fyrir gæslu embættisins, svo hann hefði ef til vill orðið að skila af sjer embættinu, ef hann hefði átt að kosta þetta af eigin eignum, þá leggur stjórnin það eindregið til, að veitt sje hæfileg upphæð úr landssjóði fyrir gæslu embættisins frá 1. okt. 1914 til 1. mars 1915, þá er lög nr. 31, 30. okt. 1914 koma í gildi, og telur stjórnin hæfilega borgun í því skyni 729,16, eða hálf laun á mánuði.

Við 3. gr.

Við 11. Með lögum nr. 27, 2. nóv. 1914 var stjórninni heimilað að veita Heilsuhælinu á Vífilsstöðum 10,000 kr. aukastyrk og mátti styrkurinn ekki verða hærri, nema brýn nauðsyn bæri til. Yfirstjórn hælísins lýsti yfir því fyrir landstjórninni, að hún gæti eigi komist af með 10,000 kr., nema þá með því að hækka daglega borgun fyrir sjúklingana að miklum mun. Með því landstjórnin leit svo á, sem þetta mundi verða þess valdandi, að margir sjúklingar yrðu að yfirgefa hélið, og aðrir mundu ekki, eins og nú á staði, geta komist þangað, þó þess þyrftu nauðsynlega, og með því ennfremur, að hélið ber í rauninni að skoða sem þjóðarstofnun, þá valdi stjórnin heldur að nota fyrgreinda heimild, og veitti 10,000 kr. viðbót.

Jafnvel þó þessi fjárveiting sem og fleiri, er hjer eru tilfærðar síðar; sjeu lögheimilaðar, telur stjórnin þó rjett, að fá heimild fyrir greiðslunum í þessum lögum.

Við 12. Bæjarfógetinn í Reykjavík hefir sent skýrslu verkfræðings um nauðsynlega viðgerð á sóttvarnarhúsinu. Telur verkfræðingur nauðsynlegt, að gera fráræslu frá húsinu, gera við kjallaragólfíð, sem sje alveg ónýtt, og við baðherbergi, og megi þessar aðgerðir ekki dragast, því annars sje varla hægt að nota húsið samkvæmt tilgangi sínum. Kostnaður við þessar viðgerðir er talinn 550 krónur. Ennfremur telur bæjarfógetinn nauðsynlegt vegna sóttvarnanna að afgirða lóð hússins, og leggja veg að því, en hann er enginn nú sem stendur, og er áætlaður kostnaður við þetta tvent 900 kr. Er því alls farið fram á fjárveitingu að upphæð 1400 kr. til þessara aðgerða.

Ljósstofnun Finsens í Kaupmannahöfn hefir með brjefi 24. júní 1914 skýrt stjórnarráðinu frá, að islenskur drengur, Vilhelm Sofus Holm frá Önundarfirði, hafi legið á stofnuninni frá 12. desbr. 1912 til 2. mars 1914. Þá var hann að mestu heilbrigður orðinn af »lupus«, er hafði þjáð hann. Kostnaðurinn við veru hans þar varð alls kr. 1034,71

og var þó að eins reiknuð hálf borgun. Af þessu gat sjúklingurinn sjálfur að eins borgað 50 kr., og stofnunin útvegaði honum 300 kr. styrk frá hinu Classenska Fideicommis, en afganginn, kr. 684,71, hefir stofnunin farið fram á að fá endurgreiddan, annaðhvort úr landssjóði, eða hlutaðeigandi sveitarsjóði. Landlæknir hefir mælt hið besta með því, að þessi upphæð verði greidd úr landssjóði, og stjórnarráðið verður að vera þeirrar skoðunar, að þegar um þennan hörmulega sjúkdóm er að ræða, sem ómögulegt er að lækna hjer á landi, sje fylsta ástæða fyrir hið opinbera, að styrkja sjúklinga til spítalavistar, og það ekki síst við þessa stofnun, því annars má búast við, að sjúklingar hjeðan fái þar ekki inngöngu, nema full trygging sje fyrir hendi, eins og stofnunin ótvirætt gefur í skyn.

Við 4. gr.

Við B II. Rauðalækjarbrú liggur á flutningabrautarkafli þeim, er Rangárvalla-sýslu hefir verið afhentur til viðhalds. Nú þarf að gera steinstöpul undir þessa brú, og verður hann einn hluti af steinsteypubrú þeirri, sem fyrirhuguð er, þegar trjebrúin er orðin ónýt. Kostnaður við stöpulgerðina er áætlaður kr. 674,34 og með því, að þeirri reglu er slegið fastri (sbr. Alþ.tið. 1913, A. bls. 87), að landssjóður skuli bera $\frac{2}{3}$ hluta kostnaðarins, er hjer farið fram á kr. 449,56.

Við B III. Um upphæðina til að byggja járnbenda steinsteypubrú yfir Langá í Mýrasýslu, visast til laga nr. 26, 2. nóv. 1914.

Við B XIII. Oddviti Reykholtshrepps hefir farið þess á leit, að veittur yrði úr landssjóði $\frac{1}{3}$ kostnaðar, alt að 1000 kr. til þess að fullgera akveginn frá Kláffossbrú að Reykholti og til að laga framhald þess vegar, svo að akfært verði fram á Kolslækjareyrar í Hálsa-hreppi. Vegur þessi er í heild sinni áframhald af Borgarfjarðarbrautinni, upp í Reykholtsdal og Hálsasveit, og er alveg nauðsynlegur til þess að flutningabrautin, sem nú er fullgerð, geti komið þessum sveitum að fullum notum; landsverkfræðingurinn mælir því hið besta með því, að umrætt tillag verði veitt nú í ár, og stjórnin verður að vera samdóma um, að rjett sje að fullgera þennan akveg sem fyrst, og stuðla til þess, að hann komi sem fyrst að fullum notum, og nái um leið sem lengst.

Við D. Endurbætur þessar sundurliðast þannig:

1. Viðgerðir og breytingar á stöðvarhúsinu í Reykjavík	kr.	6,000,00
2. Stækkun á miðstöðvarborði landsímans, flutningur og fleira...	—	4,500,00
3. Kaup á Wheatstone áhöldum til Reykjavíkur og Seyðisfjarðar...	—	6,000,00
4. a 2 símrítarar í Reykjavík, annar $\frac{1}{2}$ ár...	—	1,800,00
b 2 —»— á Seyðisfirði, —»—	—	1,800,00
	Flyt	kr. 20,100,00

	Flutt	kr.	20,100,00
4. c 2 símameyjar á Akureyri... ..	—	1,200,00	
d 2 —»— í Reykjavík, önnur 1/2 ár	—	900,00	
5. Húsaleiga fyrir landsímastjórnann í 10 mánuði og kaup á ýmsum skrifstofugögnum	—	1,850,00	
6. Kostnaður út af bruna á Siglufirði	—	2,112,27	
	Samtals	kr.	26,162,27

Um einstöku atriði skal tekið fram:

- Við 1. Þegar nýja pósthúsið er fullgert, tekur landsiminn alt gamla pósthúsið til afnota, en áður þarf að gera ýmsar nauðsynlegar breytingar við það, svo sem flytja biðstofuna niður og setja lyftivjel milli hennar og afgreiðsluherbergjanna uppi. Kostnaður við nauðsynlegar breytingar er áætlaður af byggingarfróðum manni 6,000 kr.
- Við 2. Í sambandi við þessa breytingu og flutning afgreiðslunnar í annað herbergi er nauðsynlegt að stækka miðstöðvarborðið. Nú geta að eins tveir setið við borðið, en það þykir nauðsynlegt afgreiðslunnar vegna, að stækka það um helming. Útgjöldin við það eru áætluð kr. 3,200,00 og 1,300 kr. er talið að kosta muni að útvega »akkumulatorbatteri« »maskininduktor« m. m. sem útvega þarf, af því rafmagn verður eftirleiðis brúkað til lýsingar í póst- og ritsímahúsinu.
- Við 3. Sá eini símaþráður sem nú er milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar nægir hvergi nærri símaviðskiftunum. Ber það oft við, að simskeytum, bæði til útlanda og frá, seinkar óhæfilega vegna þessa, og það þótt æfðustu símritararnir sjeu stöðugt við afgreiðslu allan daginn. Til þess að bæta úr þessu — án þess að fjölga þráðum, sem er afardýrt — leggur símastjórnin til, að keypt verði hraðsímatæki, Wheatstonestæki, sem um langan tíma mundi fullnægja viðskiftaþörfinni. Slikt tæki, ásamt uppsetningu, kostar 6000 krónur.
- Við 4. Þessi aukning á starfsmönnum er nauðsynleg bæði vegna sívaxandi starfa, og að því er Reykjavík sjerstaklega snertir, líka vegna flutningsins, sbr. athugasemdina við 2. lið. Afgreiðsla með Wheatstones-tækjum úrheimtir einnig fleiri starfsmenn.
- Við 5. Með því að alsendis ómögulegt var að hafa lengur skrifstofur landsímastjórnarinnar í gamla pósthúsinu, varð að útvega þeim húsnaði úti í bæ, og um leið útvega ýms húsgögn, sem, hvort sem er, hefði orðið að kaupa, þegar landsiminn fær yferráð yfir öllu gamla pósthúsinu. Að öðru leyti sundurliðast þessi kostnaður þannig:
- | | | | |
|--|---------|----------|----------|
| Húsaleiga í 10 mánuði | kr. | 600,00 | |
| Ljós, hiti og ræsting | — | 250,00 | |
| Peningaskápur, ritvjel, 2 skrifborð m. m. | — | 1,000,00 | |
| | Samtals | kr. | 1,850,00 |
- Við 6. Þann 31. des. 1913 brann stöðin á Siglufirði. Varð þá að kaupa ný áhöld, miðstöðvarborð m. fl. Nam kostnaðurinn við það alls kr. 2,112,27.

Við E. Grimseyjarviti. Sjá heimildarlög nr. 24, 2. nóv. 1914. Upphæðin er sett eftir upplýsingum frá vitaumsjónarmanni.

Við 5. gr.

Við A. Upphæð þessi er að eins endurveiting, sjá fjárlögin fyrir 1912 og 1913 14. gr., A b. 5. 600 kr. voru útborgaðar á fjárhagstímabilinu 1912—13.

Við B I a. Samkvæmt heimildarlögum nr. 25, 2. nóv. 1914, á að setja kennarastól við háskólann í klassískum fræðum, og hefir kennari verið skipaður frá 1. apríl 1915, og verða þá laun hans það ár 2,100 krónur.

Við 6. gr.

Sjá lög nr. 28, 2. nóv. 1914.

Við 7. gr.

Á fjárlögum fyrir árin 1912 og 1913 var styrkur veittur til samvinnusmjörbúa (16. gr. 16). Eitt slíkra búa, Fossvallasmjörbúið í Árnessýslu, varð fyrir því óhappi að missa af fjárstyrk 1913 fyrir þá sök, að formaður búsins, sem var nýkominn í þann starfa, varð nokkrum dögum of seinn til að senda skjölin. Stjórn búsins hefir því sent hingað erindi um, að fá upphæðina veitta á fjáráukalögum og með því stjórninni finst það sanngjarnt, eins og á stendur, leggur hún til, að þessi upphæð verði veitt.

Um styrkinn til prentarafjelagsins vísast til athugasemdanna við frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1914 og 1915 sem stjórnin lagði fyrir Alþingi 1914. (Alþ.tíð. 1914, A. bls. 102).

Við 8. gr.

Í konungsúrskurði 22. nóv. 1913 um sjerstakan fána fyrir Ísland, var tekið fram, að gerð fánans skyldi ákveðin með nýjum konungsúrskurði, þegar ráðherra hefði haft tök á, að kynna sjer óskir manna á Íslandi um það atriði. Til þess að rannsaka þetta atriði, og ihuga málið og koma fram með tillögum í því, skipaði ráðherra 30. des. s. á. 5 manna nefnd og lauk hún starfi sínu í júní 1914. Kostnaður sá, er leiddi af þessari nefndarskipun, nam alls kr. 6,181,11 og er því farið fram á samþykki þingsins til þessarar greiðslu.

Um styrkinn til ekkju Alberts sál. bankabókara Þórðarsonar, vísast sömuleiðis til nýnefndra athugasemda (l. c, bls. 102—103).